

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, smábátahöfn í Sandgerðisbót og hreinsi- og dælustöð fráveitu.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 25. júní 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar frá 15. desember 2006.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 0,3 ha landfyllingu við innsiglinguna í smábátahöfnina í Sandgerðisbót (1.32.2.H). Grjótgarður inni í höfninni fellur brott og innri strandlína hafnarinnar breytist. Jafnframt breytist afmörkun hafnarsvæðisins lítillaga. Á óbyggðu svæði norðan Krossanesbrautar er gert ráð fyrir hreinsi- og dælustöð fráveitu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 25. júní 2009.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Logi Kjartansson.*